

SIRKUS

Hljóp heilt maraþon



24. ÁGÚST 2007 ■ Sara sýnir í París ■ Silja býr í íbúð Jóns Ásgeirs ■ Ragnhildur Steinunn flott á frumsýningu ■ Sean Penn stæltur

Morthensbræður byggja



Auðmenn Íslands:

SPILA MATADOR MEÐ MIÐBÆINN



SVEIFLAR MEÐ SVÖVU



PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur
Sími 520 4545 / www.prodomo.is
prodomo@prodomo.is


PRODOMO

fréttir

■ Heyrst hefur



Auglýsa í Euroman

Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir, sem áður voru kennd við verslunina GK, hafa sett á fót nýja fatalínu sem ber heitið Andersen & Lauth. Hjónakornin ætla sér greinilega stóra hluti með nýju línunni því í nýjasta hefti danska blaðsins Euroman má finna heilsíðuauglýsingu sem þar sem fatalínan er kynnt.

Mundi í Loftkastalanum

Og meira úr tískuheiminum því Guðmundur Hallgrímsson, eða Mundi, sýnir á laugardaginn vetrarlínu fatamerkisins Mundi Design í Verinu í Loftkastalanum. Mundi Design er framúrstefnuleg fatalína sem hann hefur unnið við í tæpt ár með góðum árangri. Mundi selur meðal annars hönnun sína í Tókýó, Berlín, New York, Los Angeles og svo í versluninni KronKron í Reykjavík.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjórn Kristján Hjálmarsson
kristjan@frettabladid.is
Þóra Karitas
Snæfríður Ingadóttir
Índiana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
Sölustjóri Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

BUBBI OG TOLLI MORTHENS VERÐA NÁGRANNAR ÞEGAR HÚS ÞEIRRA VIÐ MEÐALFELLSVATN VERÐA TILBÚIN. BRÆÐURNIR KEPPAST NÚ VIÐ AÐ LEGGJA LOKAHÖND Á HÚSIN.



MORTHENSHÚSIN Hús Tolla er sunnan megin við vatnið en hús Bubba norðan megin.

MYND/GVA

TOLLI OG BUBBI BYGGJA VIÐ MEÐALFELLSVATN



GLÆSILEGT HÚS Húsin hans Tolla eru glæsileg, bæði með gleri á þeirri hlið sem snýr að vatninu.

Bræðurnir Bubbi og Tolli Morthens vinna nú hörðum höndum að því að byggja sér hús sinn hvoru megin við Meðalfellsvatn í Kjós. Og húsín eru engin smásmíði – sannkallaðar glæsihallir.

Hús Tolla er sunnan megin við vatnið, í landi Grjóteyrar, í flæðarmáli Meðalfellsvatns. Húsín eru í raun tvö, 100 fermetra íbúðarhúsnæði og 140 fermetra vinnustofa, bæði lágreist með miklum pöllum á milli. Tolli á eftir að fá innblástur fyrir list sína beint í æð því norðurútrveggur vinnustofunnar er girtur gleri svo vatnið blasir við. Útsýnið er heldur ekkert til að spilla fyrir. Fyrir utan sjálft vatnið blasir hús Bubba bróður hans við beint á móti.

„Ég verð nú að hafa auga með kallinum“, segir Tolli, sem hefur tekið sér þrjú ár í smíðina sem brátt fer að sjá fyrir endann á.

Hús Bubba er norðan megin við vatnið, stendur við Meðalfellsveg, um 130 fermetrar á stærð með stærðarinnar bílskúr. Húsið, sem kóngurinn kaupir frá Litháen, er þegar byrjað að taka á sig mynd. Bubbi byggir í skóglendi forfeðra sinna – á gömlu torfunum sem hann lék sér á. „Við bræðurnir áttum þetta land sem Bubbi byggir á en ákváðum að láta kallinn hafa það svo hann gæti byggt sér hreiður fyrir ellina“, segir Tolli.

Veggir á höll Bubba hafa risið, bæði á íbúðarhúsi sem bílskúr. Þakið meira segja komið á bílskúrinn. Á öllum hornum eru rammgerðar súlur í anda íslenskrar kúnstar – ekki ólíkt því sem gerðist hjá víkingum til forna.

Það á líklega ekki eftir að væsa um þá bræður í nýju húsunum við vatnið. Og þó húsín séu dálítið fyrir utan bæinn er ekki langt í félagsskapinn. Þeir sjá hvor yfir til annars og þegar veður er stillt geta þeir kallast á, svo undir tekur.



HÚS BUBBA Húsið hans Bubba þykir glæsilegt og með þykkan súlur á öllum hornum.

BRÆÐURNIR MORTHENS Bræðurnir ætla að setjast að við Meðalfellsvatn og geta kallast á þegar húsín verða tilbúin.

G-STAR RAW
REYKJAVÍK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Full búð af nýjum vörum

G-STAR RAW DEFENDER

Sýnir í París og Bandaríkjunum

Sara María Eyþórsdóttir, annar eigenda tískuverslananna Nakta apans í Bankastræti og Forynju við Tryggvagötu, stendur í stóru um þessar mundir en opnunarpartí var haldið í nýju búðinni hennar við Tryggvagötu á menningarnótt. Þar litu margir góðir gestir við, enda ástæða til að fagna velgengni Söru og meðeiganda hennar, Söndru Hlífur Ocares.

Sara hefur unnið að nýrri tiskulínu nú í sumar, sem meðal annars á að sýna í tiskuborginni París og víða í Bandaríkjunum. „Þetta er litrík og djörf lína, sem við höfum unnið að nú í sumar. Okkur hefur gengið mjög vel hérna heima og teljum okkur reiðubúin að stíga næsta skref“, sagði Sara.

Þá hyggst Sara flytja, ásamt börnun sínum tveimur, í glæsilegt húsnæði við Nýlendugötu í næsta mánuði.

- ÓS



SARA MARÍA OG SANDRA HLÍF Sara á leið til Parísar og Bandaríkjanna að sýna nýja línu sem hún hefur hannað.

MYND/HÖRÐUR

TÍU ÞÚSUND GLITNISPUNKTAR FYRIR NÁMSMENN



Það ættu allir námsmenn að safna Glitnispunktum.

Þeir breytast í alls kyns gagnlega hluti, eins og t.d. peninga sem geta óneitanlega komið sér vel. Kynntu þér málið á glitnir.is

Tilboðið gildir til 21. september og er aðeins fyrir 18 ára og eldri.

GLITNIR

SKÍFA LISTINN

Skífulistinn er samantekt af mest seldu plötunum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

1	Eivør	↑	Human Child/Mannabarn 2CD
2	Ýmsir	↓	Pottpétt 44
3	Magni	↓	Magni
4	Megas og Senubjóf.	↓	Frágangur
5	Mika	↑	Life in Cartoon Motion
6	Ýmsir	↓	Íslandslög 7
7	Millarnir	N	Alltaf að græða
8	Garðar Thor Cortes	—	Cortes 2007
9	Ýmsir	↓	Íslandslög 1-6 (6CD)
10	Ljótu Hálfvitarnir	↑	Ljótu Hálfvitarnir
11	Jagúar	N	Shake It Good
12	Ýmsir	↓	Í brekkunni: Eyjalögin 2cd
13	Ýmsir	↓	100 Íslensk 80's lög
14	Gus Gus	↑	Forever
15	KK og Maggi Eiríks	↓	Langferðalög
16	Amy Winehouse	↓	Back To Black
17	Ýmsir	↓	Instant Karma (John Lennon)
18	Lay Low	↑	Please Don't Hate Me
19	Skoppa og Skríttla	N	Á söngferðalagi
20	Björk	A	Gling Gló

▲ Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Gling Gló

Það er skemmtilegt að sjá Gling Gló hennar Bjarkar koma á listann en þessi geislaplata selst alltaf vel og tekur yfirleitt gott stökk á sumrin. Gling Gló er í sæti númer 20 í 4 sinn í sumar.



Eivør

Eivør er stjarna vikunnar og er búin að selja gríðarlega vel af disknum sínum, og þá bæði Orginal útgáfunni og Special edition disknum sem inniheldur lögin hennar á Færeysku líka.



Nældu pér í eintak

Listinn gjldir vikuna 23. ágúst - 30. ágúst 2007

TÓNLISTARMAÐURINN GUNNI BJARNI KOM ÖLLUM Á ÓVART Á LAUGARDAGINN VAR OG HLJÓP 42 KM Í REYKJAVÍKURMARABONINU

ROKKARI Á HLAUPASKÓM

Hlaup eru greinilega í tísku hjá fræga fólkinu eins og glögglega mátti sjá í Reykjavíkumaraþoni Glitnis á laugar- dag þar sem mörg þekkt andlit var að finna meðal hlaupar- anna. Tónlistarmaðurinn Gunni Bjarni var einn þeirra sem reimuðu á sig hlaupaskóna en hann lét sig ekki muna um að hlaupa hvorki meira né minna en 42 km eða fullt maraþon.

„Þetta var algjör sigurvíma,“ sagði Gunni Bjarni þegar Sirkus sló á þráðinn til hans og spurði út í hlaupið en þá var hann staddur í göngutúr á Helgafellinu. „Ég var nokkuð ánægður með tímann en ég hafði svo sem ekki sett mér neitt markmið fyrir hlaupið nema það að hlaupa allan tí- mann og ég stóð við það,“ segir Gunni Bjarni, sem hljóp maraþonið á rétt undir fjórum klukkustundum.

Ímynd Gunna Bjarna hefur hingað til verið rokkuð og röff og því ráku margir upp stór augu þegar hann mætti í hlaupið á laugardag í stuttbuxum og íþróttaskóm. Sjálfur segir hann hins vegar að hlaup séu alls ekki ný af nálinni hjá sér. Hann segist í gegnum árin alltaf hafa hlaupið eitt- hvað, gengið mikið á fjöll og hjólað, en það hafi ekki verið fyrr en í ár að hann hóf að æfa hlaup reglulega.

„Ég er eiginlega bara búinn að vera í jogginggallanum undanfarna mánuði en ég fer nú kannski úr honum í haust,“ segir Gunni Bjarni glettinn. Fyrir utan hlaupin hefur verið nóg að gera í tónlistinni hjá honum en væntan- leg er ný plata frá hljómsveitinni Jet Black Joe.

Spurður hvort hann eigi einhver góð ráð fyrir þá sem ætli sér að hlaupa fullt maraþon á næsta ári segir Gunni Bjarni að æfingin skipti öllu máli. Menn verði að sjálfsögðu að vera í góðu líkamlegu formi en andlegur styrkur þurfi



ROKKARINN lét rokktnlist hljóma á meðan hann hljóp heilt maraþon; 42 kílómetra.

ekki síður að vera til staðar. „Hluti af þessu andlega er að vera með góða tónlist í eyrunum sem lætur mann líða áfram,“ segir Gunni Bjarni, sem sjálfur var með spilarann fullhlaðinn af rokki og róli fyrir hlaupið.

- snæ

Búa í þakíbúð Jóns Ásgeirs

Silja Magg ljósmyndari er á leið til New York til náms ásamt unnusta sínum Sig- urði Pálma Sigurbjörnssyni, syni Ing- bjargar Pálmadóttur, unnustu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar stjórnarfor- manns Baugs. Fyrst um sinn munu Silja og Sigurður, sem rekur útgáfufyrirtækið From Nowhere Records, þó ekki búa á stúdentagörðum eða í leiguíbúð eins og aðrir háskólanemar. Þess í stað munu skötuþjúin láta fara vel um sig í glæsi- legri þakíbúð sem Jón Ásgeir keypti fyrr á árinu en íbúðin var áður í eigu John F. Kennedy Bandaríkjaforseta. Silja og Sig- urður ætla að dvelja í þakíbúðinni þang- að til þau finna sína eigin íbúð.

Bandaríska dagblaðið New York Post fjallaði um kaup Jóns Ásgeirs á íbúðinni í apríl á þessu ári. Þar kom fram að íbúðin, sem er öll hin glæsilegasta, er hönnuð af Ian Schrager og stendur við Gramercy Park North rétt við Park Avenue. Hún er á tveimur hæðum, með þremur herbergjum, íburðarmiklu fjöl-



GLÆSILEG ÍBÚÐ Íbúðin hans Jóns Ásgeirs er öll hin glæsilegasta enda kostaði hún litlar tíu milljónir dollara.

miðlaherbergi og litlum líkamsræktar- sal. Þar er einnig bókasafn og nokkrar verandar.

Íbúðina keypti Jón Ásgeir á 10 millj- ónir dollara sem þóttu, samkvæmt The New York Post, kjarakaup þar sem ásett verð var 16 milljónir dollara. Kostnað- urinn við íbúðina er þó talsvert meiri því mánaðarlegt viðhaldsgjald eru



SILJA MAGG Hún fór af landi brott ásamt unnusta sínum á þriðjudaginn var og lætur eflaust fara vel um sig í þakíbú- inni hans Jóns Ásgeirs.

17.720 dollarar eða um 1,2 milljónir króna á mánuði samkvæmt núverandi gengi.

- kh

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

DJ

5134

DJ 5134 / ELECTRONIC ROOTS / STOCKHOLM / ELECTRONIC POP & INDIE ELECTRO

24. OG 25. ÁGÚST

í boði Gajol og Corona Léttöl

Café


VICTOR

WWW.VICTOR.IS

NÁTTÚRULEGA GÓÐ

lenovo 3000

Lenovo 3000 fartölvur eru framleiddar samkvæmt hefðum ThinkPad, mest verðlaunuðu fartölvu sögunnar. Meiri áhersla er lögð á margmiðlunarþarfir einstaklinga í Lenovo 3000 línunni. Innbyggður kortalesari auðveldar gagnaflutning, innbyggð vefmyndavél gerir samskiptin skemmtilegri, tvö loftnet tryggja gott netsamband og VibrantView eykur myndgæðin. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.



FINGRAFAFALESARI



INNBYGGÐUR
MINNISKORTALESARI



INNBYGGÐ
VEFMYNDAVÉL



TVÖFALT LOFTNET



VIBRANTVIEW LCD SKJÁR



Lenovo 3000 N100

Intel Celeron M430 1,73GHz / 1MB
2x512MB - mest 2GB
80GB 5400sn SATA diskur
15,4" breiðtjaldsskjár 1280x800 WXGA, Intel GMA950 128MB PCI-e
Bluetooth, 54g WiFi
DVD±RW DL skrifari
Fingrafaralesari & vefmyndavél
4 í 1 kortalesari fyrir minniskort
Þyngd 2.8 kg
Windows® XP Home
Mánaðarlegar greiðslur*: 2.444 kr.*
Verð: 69.900 kr.

Lenovo 3000 N100

Intel Core 2 Duo T5300 1,73GHz / 2MB
2x512MB 667Mhz DDR2 - mest 2GB
120GB 5400sn SATA diskur
15,4" breiðtjaldsskjár 1280x800 WXGA, Intel GMA950 128MB PCI-e
Bluetooth, 54g WiFi
DVD±RW DL skrifari
Fingrafaralesari
4 í 1 kortalesari fyrir minniskort
Þyngd 2.8 kg
Windows® Vista Business
Mánaðarlegar greiðslur*: 3.842 kr.*
Verð: 109.900 kr.

Lenovo 3000 N200

Intel Core 2 Duo T7300 2,00GHz / 4MB
2x1GB 667MHz - mest 4GB
160GB 5400sn SATA diskur
15,4" breiðtjaldsskjár 1680x1050 WSXGA+, Nvidia GeForce FX Go7300 256MB PCI-e
Bluetooth, 200n WiFi
DVD±RW DL skrifari
Fingrafaralesari & vefmyndavél
5 í 1 kortalesari fyrir minniskort
Þyngd 2.8 kg
Windows® Vista Ult.m/Media Center
Mánaðarlegar greiðslur*: 5.590 kr.*
Verð: 159.900 kr.

Lenovo 3000 V100

Intel Core 2 Duo T5600 1,83GHz / 64bita / 2MB
2x512MB 667MHz DDR2 - mest 2GB
100GB 5400sn SATA diskur
12,1" TFT / 1280x800 XGA, Intel GMA950 128MB PCI-e
Bluetooth, 54g WiFi
DVD±RW DL skrifari
Fingrafaralesari & vefmyndavél
5 í 1 kortalesari fyrir minniskort
Þyngd 1.8 kg
Windows® Vista Business
Mánaðarlegar greiðslur*: 4.192 kr.*
Verð: 119.900 kr.



Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider“ af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. Söluaðilar um land allt.



www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2007.

BJÖRN SVEINBJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NTC, HEFUR FARIÐ MIKINN Á GOLFVELLINUM Í SUMAR. HANN HEFUR DREGIÐ SPÚSU SÍNA MEÐ SÉR Á VÖLLINN OG ER HÚN NÚ SMITUÐ AF BAKTERIUNNI.



BJÖRN OG SVAVA Skötu hjúin taka sig vel út á golfvelli. Þau þykja með best klæddu kylfingum sem sést hafa á golfvöllum landsins.

KENNIR SVÖVU RÉTTU SVEIFLUNA

Ég hef spilað golf í nokkuð mörg ár en Svava byrjaði hins vegar í fyrra," segir Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri tísku-vörukeðjunnar NTC, sem hefur farið mikinn á golfvelli í sumar ásamt unnustu sinni, Svövu Johansen. Björn er gamalreynður golfari. Byrjaði að slá kúluna hvítu fyrir átta árum og er nú með 13,1 í forgjöf, sem telst nokkuð gott. Svava snerti hins vegar fyrst kylfu í fyrra en er nú smituð af bakteríunni. Stefnir ótraud að því að lækka forgjöfina úr 36, sem hún stendur í núna. „Hún byrjaði á fullu í vor. Það þýðir ekkert annað en að vera bæði í þessu. Þetta er svo tímafrekt sport að við verðum eiginlega að vera bæði í þessu," segir Björn, sem á í raun sökina á því að Svava byrjaði í golfinu. „Svava hefur svo gaman af því að vera úti í náttúrunni að ég vissi að hún myndi detta inn í þetta." Björn er algjörlega smitaður af golfbakteríunni. Segir golfið vera eins og veiðina. „Ég er alltaf að berjast við að lækka forgjöfina en fór í hnéaðgerð í sumar svo ég missti svölitið úr. Ef ég ætlaði eitthvað neðar hefði ég þurft að spila miklu meira. Tíminn spilar alltaf inn í þetta," segir

Björn, sem lét meiðslin ekki aftra sér frá golfinu. „Við Svava keyptum okkur golfbíl þar sem ég á erfitt með gang. Við erum á honum alla daga og látum meiðslin ekki koma í veg fyrir að við spilum golf." Björn og Svava nota golfið einnig til að slappa af. „Við erum alltaf á fullu í vinnunni en úti á golfvelli næ ég að slappa af. Fer að hugsa um eitthvað allt annað en fatabransann og þá fer heilinn að vinna ósjálfrátt úr hlutum sem maður hefur saltað í marga daga. Það er líka bara svo mikil snilld að vera úti á velli í góðu veðri og eyða tíma með sjálfum sér." Björn segist mjög ánægður með að hafa dregið Svövu í golfið og mælir með því að þör spili saman. „Það er algjör snilld að vera saman úti á golfvelli. Eins og Svava segir sjálf þá eyðum við fjórum til fimm tímum saman á vellinum og tölum saman og leysum oft einhver vandamál sem hafa komið upp. Það koma oft upp góðar hugmyndir á vellinum," segir Björn, sem hefur einnig verið duglegur í líkamsrækt, fótbolta og á skíðum. „Ég er hálf ofvirkur. Á erfitt með að sitja kyrr eða liggja uppi í sófa. Ef ég er ekki í golfi eða fótbolta þá fer ég út til að slá garðinn." - kh

Bílaúð

Benna

100% LÁNAMÖGULEIKAR og LÆKKUÐ VERÐ af fjölda bifreiða



NISSAN TERRANO II SE
8/1998, 2400, ek. 158 þús., 5 dýra, 5 gir, 7 manna, aífelgur, dráttarkrókur, rafm. í ruðum og speglum, cd og fl. Ásett verð 855 þús. Tilboð 650 þús. stgr.



OPEL ZAFIRA 1800 COMFORT
3/2002, ek. 69 þús., 5 dýra, 5 gir, 7 manna, abs, aífelgur, dráttarkrókur, cd, rafm. í ruðum og speglum, topplaga og fl. Nýleg timareim. Ásett verð 1.150 þús. Tilboð 890 þús. stgr.



SSANGYONG MUSSO E-23,
7/1998, ek. 146 þús., 5 dýra, 5 gir, aífelgur, dráttarkrókur, rafm. í ruðum og speglum, cd, dríflokur og fl. Ásett verð 650 þús. Tilboð 490 þús.



CHEVROLET LACETTI CDX 1800 SPORT
5/2005, ek. 17 þús., 5 dýra, ssk., abs, fjarstýrðar samfæsingar cd magasin, rafm. í ruðum, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.450 þús.



SSANGYONG MUSSO 2900 DIESEL
3/1999, ek. 167 þús., 5 dýra, ssk., aíf., 31", cd, rafm. í ruðum og speglum, dráttarkrókur og fl. Verð 890 þús. Tilboð 750 þús. stgr.



SUZUKI BALENO 1600 WAGON 4WD,
6/1998, ek. 152 þús., 5 dýra, 5 gir, aíf., rafm. í ruðum og speglum. Timareim í 97 þús. Verð 450 þús. Tilboð 290 þús. stgr.



SSANGYONG MUSSO E-23 GRAND LUXE,
10/2000, ek. 75 þús., 5 dýra, ssk., aíf., 31", rafm. í ruðum og speglum, cd, dráttarkrókur og fl. Verð 890 þús.



TOYOTA YARIS 1.0 TERRA,
6/2005, ek. 51 þús., 3 dýra, 5 gir, abs, fjarstýrðar samfæsingar, cd, líknarbelgir og fl. Verð 950 þús.



SUBARU FORESTER LUXURY 4WD,
5/2004, ek. 38 þús., 5 dýra, ssk., abs, aíf., dráttarkrókur, rafm. í ruðum og speglum, topplaga, cd, fjarstýrðar samfæsingar og fl. Verð 1.990 þús. Tilboð 1.790 þús. stgr.



Nissan Navara 2.5E Diesel
árg. 5/2005, ek. 77 þús. km. 5 gir, beinskjotur, abs, aífelgur, dráttarbeisli, cd spilar, glerþopplaga, klædd skuffa og m/fl. Verð 2.390.000.



Volvo S-40
árg. 8/1998, ekinn 135 þús. km. sjálfskiptur, abs, dráttarbeisli, upphækkadur, reyklæus, líknarbelgir og m/fl. Verð 590.000.



Hyundai Terracan 2.5L Diesel
árg. 2/2002, ekinn 119 þús. km. sjálfskiptur, aífelgur, beisli, abs, reyklæus, rafm. í öllu og m/fl. Verð 1.690.000. Ath. skipti á öðyrari.

BÍLD SHÖFÐA 10 – S: 577 2800 / 587 1000

Viltu fá fría DVD diskka í allan vetur?

BÓNUSVÍDEÓ býður þér
góð laun, sveigjanlegan vinnutíma,
frábært félagslíf og
fjöldann allan af fríðindum*

Ef þú ert að leita að vinnu í vetur hafðu
samband við okkur eins og þér hentar:

- Fylltu út umsókn á næstu Bónusvideoleigu
- Hringdu í Bjarka
í síma 892-9877
- Sendu tölvupóst á
bjarki@bonusvideo.is
- Hringdu í Nonna
í síma 899-9575
- Sendu tölvupóst á
nonni@bonusvideo.is

*Starfsmenn okkar fá ríkulegan afslátt af flestum vörum okkar,
ókeypis bíóferðir 1-2 í mánuði og ókeypis DVD myndir til leigu.

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

Bónusvideó - Lækjargata 2 - 220 - Hafnarfjörður - Sími: 520-5900

Í SÍÐASTA TÖLUBLAÐI SIRKUS GREINDUM VIÐ FRÁ ÞVÍ AÐ BJÖRG-ÓLFSFEDGAR VÆRU DUGLEGIR VIÐ FJÁRFESTINGAR Í MIÐBORG-INNI. FLEIRI VILJA ÞÓ BITA AF KÖKUNNI OG KYNNIR SIRKUS HÉR SJÖ AÐRA LEIKMENN, AUK BJÖRGÓLFSFEDGA, SEM TAKA ÞÁTT Í MATADORLEIK UM HÚSIN Í MIÐBÆNUM.

MIÐBÆJAR-MATADOR

EIK

Fasteignafélagið Eik var stofnað haustið 2002 og strax við upphaf árs 2003 voru eignir þess metnar á 2,7 milljarða. Síðan þá hefur félagið vaxið mikið og er nú eitt af sterkustu fasteignafélögum landsins. Félagið, sem er hlutfélag í forystu Hannesar Smáasonar og Baugs, á þó nokkrar eignir í miðbænum. Þar efst á lista er Bankastræti 5 sem hýsir veitingastaðinn B5 og Tryggvagata 22 sem hýsir Gauk á Stöng. Eik á einnig Lækjargötu 2 sem áður hýsti Café Óperu. Aðrar eignir félagsins í miðborginni eru; Austurstræti 5 og 7, Hverfisgata 26, sem hýsir Celtic Cross, Klapparstígur 25-27*, Hafnarstræti 4*, 5, 7*, 8 (lóðin) og Barónsstígur 11 a og 11b þar Veitingahúsið Argentína er til húsa.



SAMSON

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Sirkus eiga Björgólfssfedgar stóran part af miðborginni í gegnum félagið Samson Properties, meðal annars svo til allar eignir á reitnum milli Barónsstígs og Vitastígs og Laugavegar og Hverfisgötu sem og eignir á reitnum milli Frakkastígs og Vatnsstígs, bæði fyrir ofan og neðan Hverfisgötu. Meðal fasteigna sem Samson Properties á má nefna Hverfisgötu 53, 54*, 55, 56*, 57, 58, 59, 61, 84, 86, 88a, 88b, 90, 92a, 92b og 92c. Laugaveg 39*, 41, 41a, 43, 45, 65, 67a og 69. Frakkastíg 6a, 6b (lóðin) og 8. Vitastíg 3*, 7, 9 og 9a. Skúlagötu 32-34. Vatnsstíg 8, 10, 10b og 12. Lindargötu 34 (lóðin) og 44.



FESTAR

Benedikt T. Sigurðsson húsasmiðameistari er eigandi Festa ehf. sem hefur tryggt sér svo að segja allar eignir á reitnum á milli Klapparstígs og Smiðjustígs á milli Laugavegar og Hverfisgötu. Festar á t.d. Laugaveg 19 sem hýsir Indókína en einnig; Laugaveg 17, 19b og 21, Hverfisgötu 28, 32, 32a, 32b, 34, Klapparstíg 28 og 30 og Smiðjustíg 4* og 4a.

BASALT

Svanur Kristbergsson rekur eignarhaldsfélögin Basalt ehf. og Höfuðstöðvar ehf. sem eiga þó nokkrar eignir í miðbænum. Þar á meðal Prikíð, sem er til húsa að Bankastræti 12 og verslunina Liborius að Laugavegi 7*, en fyrrnefnda eignin er reyndar nýkomin á sölu. Svanur hefur m.a. verið viðskiptafélagi tónleikahaldarans Þorsteins Stephensen í Hr. Örlýgi en saman reka þeir nú Kaffibarinn. Aðrar eignir í miðbænum á könnu Svans eru; Laugavegur 39*, Hverfisgata 54*, 56*, Bankastræti 14* og Skólavörðustígur 25a.



KIRKJUHVOLL

Karl Steingrímsson, betur þekktur sem Kalli í Pelsinum, sýslar með fleira en pelsa. Á hann eru skrifuð Eignarhaldsfélagið Kirkjuhvoll, Borgarmiðjan ehf. og Eignarmiðjan ehf. Þessi félög eiga nokkrar glæsilegar eignir í miðbænum, ekki síst Austurstræti 16 sem hýsir veitingahúsið Apótekið. Pósthússtræti 17, Skúlagata 51, Laugavegur 16 og Tryggvagata 18 eru einnig í eigu Kalla.



STRÝTUSEL

Byggingarfélagið Strýtusel, BBH byggingarfélag ehf og Leiguibúðir ehf. eru öll skráð á Þorstein Pálsson og samanlagt eiga þessi félög nokkrar eignir í miðbænum. Þar má t.d. nefna Laugaveg 23 sem hýsir Kling og Bang Gallerí, og Laugaveg 40* sem hýsir Rossopomodoro. Aðrar eignir undir þessum félögum eru Hverfisgata 40 (lóðin), 42, 44, Klapparstígur 31. Laugavegur 27a og Klapparstígur 29*.


ÞORSTEINN STEINGRÍMSSON

Þorsteinn Steingrímsson er vel þekktur fasteignasali í Reykjavík og hefur hann verið öflugur við fjárfestingar í miðborginni, ekki bara fyrir sjálfan sig heldur einnig fyrir Björgólfssfedga. Eignarhaldsfélög sem eru undir stjórn Þorsteins eru t.d: Skjöldur ehf. sem á Hafnarstræti 17, 18 og 19 og Álftavatn ehf. sem nýlega keypti Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg. Þorsteinn Steingrímsson er einnig persónulega skráður fyrir Skólavörðustíg 25, Vatnsstíg 9a og Lindargötu 34.



STOÐIR

Fasteignafélagið Stoðir, sem stýrt er af Kristínu Jóhannesdóttur (systur Jóns Ásgeirs), hefur sankað að sér eignum í miðborginni. Í fyrra keypti félagið Löngustétt, sem fyrir átti nokkrar góðar eignir í miðborginni. Stoðir er í eigu Baugs, Fonz, Ingibjörgu Pálmadóttir og Milestone og eignalisti fyrirtækissins nær meðal annars yfir; Laugaveg 26 sem hýsir Nýlistasafnið og Laugaveg 42* sem hýsir Pumabúðina, Skólavörðustíg 11, Austurstræti 8-10 sem hýsir Thorvaldsen, 12*, Barónstíg 4*, lóðhúsið við Lækjargötu 2a og Pósthússtræti 3 og 5.



*ekki öll húseignin

Nýja haustlínan í Pilgrim komin



ISIS
Smáralind
Kringlan

ÚTVÖRÐ
HLJÓMBORÐ
BÍLMAGNARAR
BÍLTÆKI
BILHÁTALARAR
HÁTALARAR
FERÐATÆKI
HEYRNARTÓL
SJÓNVARPSTÆKI
LCD SJÓNVÖRÐ
MYNDAVÉLAR
PLASMA SJÓNVÖRÐ
MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR
ÍSSKÁPAR
ÖRBYLGJUOFNAR
ELDÁVÉLAR
SPVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR

ÚTRISA

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR

ÚTSÖLU LÝKUR Á LAUGARDAG

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

UPPPVOTTAVÉLAR
HRAERIVÉLAR
SÍMAR
BRAUÐRISTAR
SAMLOKUGRILL
STRAUJÁRN
HÁFAR
VÖFFLUJÁRN
BANDARAR
RYKSUGUR

Skoðið tilboðin
á www.ht.is



Heimilistæki
www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARDARSBRAUT 18A
464 1600

SELFÖSS
EYRARVEGI 21
480 3700

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exDo
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost indesit VESTFROST Whirlpool



NÁÐUM

STRAX SAMAN!

Kominn tími á gott samband

Námsmannapjónusta Sparisjóðsins

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavinum okkar. Félagar í Námsmannapjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértíloboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á www.spar.is



SPARISJÓÐURINN
Námsmannapjónusta

LEITIN AÐ FORD-FYRIRSÆTUNNI FER FRAM Í NÆSTA MÁNUÐI. TÍU GLÆSILEGAR STÚLKUR HAFA VERIÐ VALDAR TIL ÞÁTTTÖKU OG TIL MIKILS ER AÐ VINNA.

FORD Í SAMVINNU VIÐ FORMA

Þetta eru allt glæsilegar stelpur og ein mun standa uppi sem sigurvegari og fara til New York í janúar og taka þátt í Ford-keppninni fyrir hönd Íslands,” segir Alexía Björg Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Casting sem stendur fyrir Ford fyrirsætukeppninni sem fram fer í Íðnó hinn 27. september. Alexía Björg leitaði til Forma, félags átrösk-unarsjúklinga, um samstarf við framkvæmd keppninnar. „Þegar við fengum þetta tækifæri ákváðum við að það væri kominn tími til að breyta keppninni aðeins. Við viljum koma skilaboðum til stelpnanna og barna

sem horfa upp til þeirra um rétt mataræði og hreyfingu og fengum stelpurnar í Forma í samstarf með okkur. Þær verða með næringarráðgjöf og kenna okkur að forðast hætturnar,” segir Alexía en allur ágóði seldra miða á keppnina mun renna til Forma. „Anorexíustimpillinn hefur lengi fylgt módelbransanum. Þetta er neikvæður stimpill en átröskunin hefur í rauninni verið mun lengur til staðar en módelbransinn. Það er líka hægt að vera grannur en þó heilbrigður en þá er mikilvægt að borða hollan mat og hreyfa sig reglulega.” Stelpurnar í keppninni eru í óðaðönn að undirbúa



síu fyrir stóra daginn. „Við ákváðum að láta þær gera eitthvað skemmtilegt í stað þess að senda þær á hlaupabrettin. Þær eru að æfa í Kramhúsinu og prófa sig áfram í magadansi og afró svo hver og ein finni skemmtilega hreyfingu við sitt hæfi.“ Hægt er að lesa meira um Ford-keppnina á heimasíðunni www.fordstulkan.is
indiana@frettabladid.is

FORD OG FORMA
Alexía Björg framkvæmdastjóri og Bryndís Jónsdóttir hjá Reykjavík Casting ásamt Eddu Yr og Ölmu Geirdal hjá Forma.



Hallfríður Þóra Tryggvadóttir
17 ára.
Ólofuð
Áhugamál eru tíska, hestar, ferðalög og að vera með vinunum.
Er á öðru ári í Verzlunarskóla Íslands og vinn í Spútnik Kringlunni með.
Í framtíðinni ætla ég að mennta mig vel og kynnast heiminum.



Tinna Rún Kristófersdóttir
17 ára
Á lausu
Áhugamálín eru tónlist, tíska, skemmta mér og bara hafa gaman af lífinu.
Ég er í Íðnskóla Reykjavíkur og er að vinna í Warehouse Kringlunni.
Framtíðarplön mín eru að lifa lífinu lifandi og vonandi vinna við módelstörf.



Bryndís Lára Halldórsdóttir
Fædd 1991.
Á lausu.
Áhugi minn er á ballett, öðrum dansi og módelstörfum.
Fer að byrja í MR.
Framtíðarplaníð er að klára mennta- og háskóla og vinna sem módel.



Eva María Mattadóttir
Verð 16 í október.
Á lausu.
Hef áhuga á tíska, tónlist, heilsu, útlandaferðum og kósíkvöldum með vinunum.
Er að byrja á fyrsta ári í Versló.
Framtíðarplaníð er að lifa góðu og heilbrigðu lífi. Sé til með rest.



Andrea Nótt Guðmundsdóttir
16 ára.
Á lausu.
Áhugamál mín eru vinirnir, fjölskyldan, að versla og fullt feira.
Ég er í Borgarholtsskóla.
Í framtíðinni ætla ég að klára skólann, fá góða vinnu og lifa góðu lífi.



Valdís Eva Guðmundsdóttir
19 ára.
Var að koma úr sambandi, er laus og liðug.
Er að mála á striga og er komin með jólagjafirnar fyrir næstu árin. Guð veit hvað ég geri næst. Ætli ég einbeiti mér bara ekki að skólanum og keppninni.
Ég er í Fjölbraut við Ármúla á náttúrufræðibraut og vinn í dótábúðinni Leikbæ sem er rosalega gaman.
Í framtíðinni ætla ég að gera eitthvað skemmtilegt og njóta. Langar að prufa að búa úti en þarf að safna pening og klára skólann. Er það svo ekki bara hús með hvítu girðingu, Volvo, maður, börn og hundur.



Elín Ösp Vilhjálmisdóttir
18 ára
Á lausu
Áhugamál eru hreyfing, vinirnir og fjölskyldan. Tíska, ferðalög, voffinn minn og fleira.
Er í Verzlunarskóla Íslands.
Ég er að útskrifast úr Verzló núna í vor. Í framtíðinni langar mig að fara út og læra, njóta lífsins, eignast einhvern tímann mann, börn, hund og stórt hús. Ég ætla líka að vera hamingjusöm.



Tinna Helgadóttir
16 ára.
Á föstu með Reyni Hafþóri.
Áhugamál eru dans, teikning, bílar, lestur, tónlist, vinir, bíómyndir, kærastinn og fjölskyldan.
Ég er á leiðinni í MR og vinn í Sunnubúð.
Ég stefni að því að verða skurðlæknir eða svæfingarlæknir. Ætla í skóla í Ameríku og sérmennta mig.



Fríða Sóley Hjartardóttir
Verð 16 ára í nóvember.
Enginn kærasti ennþá.
Áhugamálín eru ballett, að vera með vinunum, hlusta á góða tónlist og ferðast.
Er í Kvennaskólanum í Reykjavík.
Ætla mér að ferðast í framtíðinni. Fer einmitt sem skiptinemi eftir eitt ár og klára skólann eftir það.



Oddný Þorsteinsdóttir
Verð 17 ára í nóvember.
Á föstu með Páli Inga Guðmunds-syni.
Áhugamál eru tónlist, ferðalög og fleira.
Er í Verzlunarskóla Íslands og vinn í Lágafellslaug í Mosfellsbæ.
Stefni á að klára stúdentinna og fara í Háskóla.

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS Á HEILSUDÝNUM

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleitt að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

10-40% AFSLÁTTUR

55 ÁRA

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Ópið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn



Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað
Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teyrum og verkefnum eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu
Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna	Dagvinna
Heildarárslau	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Mánaðarlaun	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
Meðaltímakaup	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi
Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfari leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til lækniþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútufirðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið
Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launa-seðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.



capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 7117 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

CHRISTINA AGUILERA VILL EKKI VIÐUR- KENNA AÐ HÚN SÉ ÓFRÍSK

Þrýstnari en áður!

Maður verður að taka hattinn ofan fyrir fólki eins og Christinu Aguilera sem ætla bara ekki að staðfesta hvort hún og eiginmaður hennar eigi von á barni – sem er góð tilbreyting frá Nicole Richie og fleiri skvismum. En það er alveg á hreinu að hún á von á barni og það sést á brjóstunum hennar. Það er ekki fræðilegur

möguleiki að þau stækki svona mikið út af engu - og ekki er hún búin að fitna neitt. Annaðhvort er hún ófrísk eða þá að hún hefur farið í aðra silíkonaðgerð. Stúlkan má eiga það að hún þúllar alveg þetta lúkk og tekur sig vel út. En stóra spurningin er hvernig mun hún líta út þegar mjólkinn loksins kemur?



Fyrir ári síðan Christina Aguilera með frekar lítíl brjóst.



Í dag Vó, nellí! Rosa
brjóst hér á ferðinni.
Christina má alveg
staðfesta þær fréttir að
hún sé ófrísk.



Fergie Er mjög oft svona klædd.



Ashlee Simpson Sést oft og mörgum sinnum í svipuðu dressi. Hér er hún þó án sólglæraugna.



Hermikráka Carmen Electra er núna byrjuð að vera svona Fergie-leg og við erum ekki að fíla það.

Allar alveg eins!

Söngkonan Fergie, Ashlee Simpson og nú Carmen Elcra eru sjúkur í það sem við ætlum hédan að frá að kalla Fergie-lúkkið. Fedorahattur, sólgleraugur (helst Ray Ban Wayfarers) og slöngulokkar. Það er eitthvað ótrúlega sérstakt við fina og fræga fólkid í Hollywood að það eru

allir eins. Það eru allir allt of ríkir en samt þórir einginn að vera öðruvísi. Svo þegar stjörnur þora að stíga þetta skref eru þær kallaðar furðulegar í pressunni. Þetta er afar undarlegur heimur. En hérna eru þær, þrjár Hollywood-störnur, þekktar fyrir ólíka hluti, en allar alveg eins.

UNGU HÖNKARNIR EIGA EKKI SÉNS

Hver vissi að Sean Penn væri svona heitur?

Vá, ef að maður hefði vitað að Sean Penn væri svona mikið húnk þá hefði maður verið skotnari í honum miklu fyrr. Gamli góði Sean Penn líkist Johnny Depp að vissu leyti því að það veit enginn neitt vöðalega mikið um hann. Hann er dularfallur, ótrúlega góður leikur. Hann á sína eiginkonu

og börn og það fer lítið fyrir honum nema þá er hann leikur í bíómyndum. Það líður varla så dagur að maður sjái ekki Matthew MacConaughy á ströndinni eða aðra Hollywood-leikara, en þessir ungu drengir eiga ekki séns í Penn. Hann er alvöru karlmaður og við erum að fíla hann.



SEAN PENN
Ótrúlega flottur
maður. Hann er
alvöru karlmaður,
alvöru töffari og allt
sem konur vilja.



**MATTHEW
MACCONAUGHEY**
Er talinn vera með einn þann flottasta kropp í Hollywood. En hann á ekki séns í Sean.

www.volkswagen.is



Komdu og reynsluaktu Golf GT Sport og fáðu miða á hasarmyndina The Bourne Ultimatum.*

170 hestafla TSI-vélin kemur bílnum á 100 km hraða á aðeins 7,9 sekúndum og sportfjöðrunin tryggir hámarksupplifun af akstrinum. Meðal annars búnaðar er: Sportinnrétting, GT-grill, sóllúga, álfelgur og fjölröfustýri. Bíllinn er samlitur með skygðum rúðum.

Verð frá 3.090.000 kr.

Volkswagen Golf GT Sport er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og billinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.



**Sýning á laugardaginn.
Komdu og prófaðu!**

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



ÍSLENSKA KVIKMYNDIN ASTRÓPÍA VAR FRUMSÝND Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA Í FYRRADAG.

FRÁBÆR frumsýning

Íslenska ævintýramyndin Astrópía var frumsýnd fyrir fullum sal í Sambíóunum í Álfabakka í fyrrdag. Kastljósstjarnan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir þykir fara á kostum í myndinni, í hlutverki ævintýraprinsessunnar Hildar, sem og aðrir leikarar hennar, þar á meðal Sveppi, Pétur Jóhann, Snorri Engilbertsson, Sara Hlín Guðmundsdóttir og Halldór Magnússon, bróðir Steins Ármanns, svo fáeinir séu

nefndir. Mikil stemning var í salnum en leikstjóri hennar, Gunnar Björn Guðmundsson, kom þó ekki fyrr en að sýningu lokinni en hann var að taka á móti frumburði sínum á sama tíma og sýning myndarinnar hófst. Eftir vel heppnaða frumsýningu var slógu framleiðendurnir, þeir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp, upp heljarinnar partíi á skemmtistaðnum Rex.

AÐ FRUMSÝNINGU LOKINNI Þórunn Gréta, Davíð Þór og Ragnhildur Steinunn ræddu sín á milli að sýningu lokinni. Davíð leikur kærasta Ragnhildar í myndinni.



DROTTNINGIN Ragnhildur Steinunn skartaði sínu fegursta í eftirpartíinu á Rex. Hér er hún með Alexander Sigurðssyni. MYNDIR/HRÖNN



HEPPINN SNÁÐI Hér er Alexander Sigurðsson með Höllu Vilhjálmisdóttur leikkonu.



GLATT Á HJALLA Eyþór Guðjónsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir skemmtu sér vel í eftirpartíinu á Rex.

MATT DAMON
ER JASON BOURNE

MAGNADASTA
SPENNUMYND
SUMARSINS

★★★★★
SV - MBL

★★★★★
LIB - Topp5.is

THE
BOURNE ULTIMATUM

MasterCard

VW

ego
ÓDÝRT BENJÍN

EINFALT GOTT ÓDÝRT

KÍKTU Á KVITTUNINA
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNID MIÐA Á SPENNUMYNDINA
THE BOURNE ULTIMATUM

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ KRÍSLUNNI BÍÓ Borgarbíó

berin

Ertu búin(n) að fara í berjamó?



„Ég hef ekki enn farið en ætla örugglega að skella mér. Í fyrra fór ég í Heiðmörk en það er misjafnt hvert ég fer. Það verður bara að koma í ljós.“

Fanney Lára Guðmundsdóttir
Ungfrú Reykjavík



„Ég fór í berjamó um síðustu helgi í frábæru veðri á Snæfellsnesi. Þetta var glæsileg ferð og konan mín ætlar að búa til berjasaft í kvöld. Við tinum bæði krækiber og bláber en á Snæfellsnesinu var einhverja hluta vegna miklu meira af bláberjum.“

Guðjón Bergmann jógakennari



„Nei ég hef ekki farið í berjamó síðan ég var krakki. Mér finnst samt berin góð, sérstaklega bláberin í eftirrætti og ýmsar kræsingar. Hins vegar borða ég ekki mikið af krækiberjum.“

Harpa Melsted handboltakona



Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus
www.klingenberg.is

Grípur þær gæsir sem gefast

Dr Gunni hefur töluna 29-11-2 og er þar að leiðandi í sumum bókum 11 en öðrum bókum tvístur. Þetta er mikil mastertala og margir þeirra sem hafa náð gífurlega langt hafa haft þessa tölu. Hún hefur einnig þann akkilesarhæl að þetta fólk lendir í mjög sérkennilegum atburðum í lífinu og veikindum í kringum sig sem og aðra hluti sem það þarf að þola meira en aðrir. Ef þetta fólk lokar alltaf eða reglulega eftir sér hurðinni til fortíðar og lifir í deginum og hugsar ekki eina stund um það meir hvað er búið að gerast verður það sigurvegjarar. Margt stórkostlegt fólk er með þessa tölu, samanber Madonna og fleiri sem hafa náð á toppinn. Dr. Gunni stefnir að sjálf-sögðu á toppinn, það er ekki vandamál. Hann er mikill réttlætissinni og laðar að sér fólk sem er að mörgu leyti dálítið sérkennilegt. Honum finnst gaman að fólki og er mikill „people person“. Dr Gunni þarf helst að vinna í skorpum, honum leiðist þetta 8-5 vél og hann þarf að

hafa visst frjálsræði til að hlutirnir gerist eins og hann vill hafa þá. Hann er í eðli sínu svolítið bæði karl og kona og þar að leiðandi elskum við stelpurnar að tala við hann, hann virðist hafa skoðun á öllu. Dr Gunni er á áttunni sem er tala hraða, sú tala sem maður þarf að taka snöggar ákvarðanir og grípa allar þær gæsir sem gefast. Oft eru möguleikar á breytingum á vinnu, nýjum tilboðum tengdum vinnu. Ég get ekki séð annað en að Dr Gunni hafi vit á að grípa réttu tilboðin. Það verða miklar breytingar á næsta ári þar sem hann hendir öllu út sem hann nennir ekki að hafa með sér yfir á næsta tímabil. Þá fær hann þriggja ára mjög sterka orku. Dr Gunni verður sem sagt í stuði með guði og í botni með drottni.



DR. GUNNI Samkvæmt Sigríði er Dr. Gunni eða Gunnar Hjálmarsson með sömu tölu og Madonna.

Íþróttaálfurinn heillar breskar húsmæður

„Hlutverkið er ansi krefjandi líkamlega og því hafa þrír íþróttaálfar verið ráðnir til að fylla í skarð Magnúsar Scheving“, segir Suzanne Noble sem starfar sem almannatengslafulltrúi Latabæjar í Bretlandi.

Búið er að ráða sjö breska leikara til að fara með hlutverk í leiksýningunni Lazytown sem verður frumsýnd í London í október og mun ferðast víða um Bretlandseyjar. Íþróttaálfarnir þrír munu hins vegar heimsækja Ísland í lok ágúst-mánaðar. „Magnús hefur þróað hlutverkið af mikilli nákvæmni og í Íslandsferðinni ætla hann að kenna álfunum hvernig þeir eiga að hreyfa sig og ná til barnanna. Við verðum líka stundum vör við að fólk í Bretlandi heldur að Latibær sé upprunninn í Bandaríkjunum og því viljum við gera það sem í okkar valdi stendur til að vekja athygli á því hvaðan álfurinn kemur.“

Það er eins gott að leikararnir undirbúi sig vel því að miðarnir á leiksýninguna í Bretlandi hafa rokselst þó að enn séu tveir mánuðir í frumsýningu. „Það hefur verið gríðarlega mikil fjölmiðla-umfjöllun í bresku pressunni um leik-

sýninguna og ég hef tekið eftir því að kvenkyns blaðamenn sem eiga lítil börn hafa verið sérstaklega áhugasamir um að mæta og taka viðtöl við Magnús“, segir Suzanne. „Á heimasíðu sjónvarpsþáttarins sendi ein móðirin fyrirspurn um daginn um hvort að hún væri sú eina sem léti sig dreyma um íþróttaálfinn á nóttunni. Svo reyndist ekki vera svo að íþróttaálfurinn virðist ekki síður ná til bresku húsmæðranna en barnanna.“

Breskum blaðamönnum var boðið að mæta í leikprufurnar fyrir íþróttaálfinn í Bretlandi. „Við vildum koma í veg fyrir að krakkarnir héldu að þeir myndu sjá sömu leikara í sjónvarpsþáttunum og á sviðinu og þess vegna buðum við blaðamönnum á svæðið.“

Svo fór að lokum að nokkrir blaðamenn spreyttu sig á leikfimiæfingum álfans en það var þó sex ára strákur sem stal allri athyglinni. „Hann grátbað foreldra sína um að fá að koma í prufu og það var ekki hægt að neita honum. Drengurinn varð orðlaus af aðdáu þegar hann sá Magnús, sem tók auðvitað vel á móti honum og saman tóku þeir nokkrar armbeygjur.“



BRESKUR ÍÞRÓTTAÁLFUR Þessi piltur reyndi fyrir sér í hlutverki íþróttaálfans.



SINNIR AÐDÁENDUM Magnús Scheving leyfði þessum unga dreng að spreyta sig í prufunum og tók með honum nokkrar armbeygjur.

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUS HELDUR ÁFRAM. HÉR KEPPIR HELGI SELJAN VIÐ ÓLAF JÓHANNESSON LEIKSTJÓRA.

1. Hvers lensk er söngkonan Amy Winehouse?
2. Um hvaða brú fjallar heimildarmyndin The Bridge?
3. Hver er landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu?
4. Hver lék Florence, verstu söngkonu allra tíma, í leikriti Þjóðleikhússins á síðasta ári?
5. Hver er ritstjóri Vikunnar?
6. Hvar verður heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum haldið um helgina?
7. Hvaða hátíð fer fram á Akureyri um helgina?
8. Hvað heitir þáttur Sirrýar sem sýndur er á Stöð 2 á sunnudagskvöldum?
9. Hver lék Manna í sjónvarpsþáttaröðinni sem sýnd var árið 1988?
10. Hvers konar samtök eru Ný dögun?



■ Helgi Seljan 6 RÉTT SVÖR

1. Bresk.
2. Golden Gate.
3. Sigrður Ragnar Eyrjólsson.
4. Ólafía Hrönn.
5. Ekki hugmynd.
6. Svipjóð.
7. Djasshátíð.
8. Örlagadagurinn.
9. Guðjón.
10. Sorgarsamtök.

Helgi Seljan er ósigrandi. Hér sigrar hann leikstjóran Ólaf Jóhannesson með 6 stigum gegn 5. Ólafur skorar á kvikmyndagerðamanninn Ragnar Santos. Fylgist með í næstu viku.



■ Ólafur J. 5 RÉTT SVÖR

1. Bresk.
2. Golden Gate.
3. Sigrður Ragnar Eyrjólsson.
4. Elín Reynisdóttir.
5. Ellý Ármanns.
6. Færeyjum.
7. Hátíð gegn spillingu.
8. Lífið og ég.
9. Einar Einarsson.
10. Sorgarsamtök.

Rétt svör: 1. Bresk. 2. Golden Gate brúna við San Francisco. 3. Sigrður Ragnar Eyrjólsson. 4. Ólafía Hrönn. 5. Elin Arnar. 6. Japan. 7. Akureyrarvaka. 8. Örlagadagurinn. 9. Einar Örn Einarsson. 10. Samtök um sorg og sorgarvöðbrogð.